

30

25. marz

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 86 6. júlí 1956, um breyting á reglugerð nr. 74 7. des. 1923, um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.

1. gr.

Í stað: „500 krónur“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 1150 krónur.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarmálaráðuneytið, 25. marz 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

31

29. marz

## REGLUGERÐ

um útgáfu og notkun vegabréfa innanlands.

1. gr.

Allir unglingar á aldrinum 12 til 18 ára, sem búsettir eru í Vestmannaeyjum, eða dveljast þar 4 vikur eða lengur, skulu ávallt bera á sér vegabréf, er lögreglustjóri gefur út.

2. gr.

Skylt er að sýna vegabréf þessi hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir og afgreiðslufólk veitingastaða eða samkomuhúsa og annarra sölustaða, sem opnir eru eftir lokunartíma sölubúða, krafizt þess, að vegabréf sé sýnt, ef tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Í vegabréfi skulu vera þessar upplýsingar um vegabréfshafa:

1. Fullt nafn hans.
2. Staða eða atvinna.
3. Fæðingardagur og ár.
4. Fæðingarstaður.
5. Heimilisfang.
6. Mynd hans.
7. Nafn hans, ritað eigin hendi.

4. gr.

Lögreglustjóri skal halda spjaldskrá um vegabréf, sem gefin verða út. Spjaldskráin skal geyma allar sömu upplýsingar og vegabréfið um vegabréfshafa, þ. á m. mynd hans, svo og aðrar upplýsingar, er lögreglustjóri telur nauðsynlegar.

Hver, sem vegabréf skal bera, er skyldur til að gefa sig fram í skrifstofu lögreglustjóra til að fá bréfið afhent. Skal hann þá afhenda 2 myndir af sér, er